



FFSÍ

**FARMANNA- OG
FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS**

Borgartúni 18 - 105 Reykjavík - Sími 562 9933 - Fax 562 9934

*Alþingi
Erindi nr. P 135/1373
komudagur 12.2.2008*

Reykjavík 11. febrúar 2008.

**Nefndsvið Alþingis
Utanríkismálanefnd
Austurbæti 8 -10
150 Reykjavík.**

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um samvinnu vestnorrænu landanna um
rannsóknir á helstu nytjastofnum sjávar innan lögsögu þeirra. 278. mál.**

FFSÍ er sammála þingsályktuninni og telur allt sem stuðlar að aukinni þekkingu á þessu sviði sé bæði brýnt og nauðsynlegt.

F.h. FFSÍ


Árni Bjarnason



HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 135/1406
komudagur 13.2.2008

Reykjavík, 11.02.2008

Tilv. 90.13


JS/sdk

Málefni: Tillaga til þingsályktunar um samvinnu vestnorrænu landanna um rannsóknir á nytjastofnum innan lögsögu þeirra, 135. löggj.þing 2007-2008, 278. mál.

Vísað er í erindi utanríkismálanefndar Alþingis um ofangreint málefni dags. 7. febrúar 2008.

Hafrannsóknastofnunin telur að aukið samstarf vestnorrænna þjóða á sviði fiskirannsóknna, einkum hvað varðar sameiginlega stofna þessara landa, sé afar æskilegt. Aukin fjárframlög stuðla án efa að auknu samstarfi og ber því að fagna fram kominni þingsályktunartillögu.

F.h. Hafrannsóknastofnunarinnar


Jóhann Sigurjónsson

Heimilisfang:

Skúlagötu 4
Pósthólf 1390
121 Reykjavík

Sími:

575-2000

Póstfax:

575-2001

Heimasíða:

www.hafro.is

Tölvupóstfang:

hafro@hafro.is



Alþingi
Erindi nr. P 135/1643
komudagur 3.3.2008

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150, Reykjavík.


Akureyri, 15. febrúar 2008

Tillaga til þingsályktunar Þskj. 312 – 278. Mál

Um aukna samvinnu milli vestnorrænu landanna um rannsóknir á helstu nytjastofnum sjávar innan lögsögu þeirra

Háskólinn á Akureyri fagnar því frumkvæði sem haft er þarna til að samræma rannsóknir á helstu nytjastofnun á nágrannasvæðum kringum Ísland. Augljóst er að þessar þjóðir eiga sameiginlega marga nytjastofna, sérstaklega uppsjávarfiska svo sem úthafskarfa, loðnu, síld og kolmunna. Hinsvegar má segja að samstarf um rannsóknir sé jafnvel mikilvægara á sviði ýmissa botnfiskstofna, einmitt þar sem tengsl þeirra stofna milli Grænland, Ísland og Færeyjar eru óljós, þó nokkuð víst sé að þau geti á tíðum verið allmikil. Auk þeirra tegunda sem minnst er á í þingsályktunartillögum mætti einnig nefna ufsa, löngu, blálöngu, keilu, lúðu, skötusel og ýsu. Tengsl þeirra gætu bæði verið í gegnum göngur fullorðinna fiska eða seiðareks. Allt sem gæti stuðlað að betri samræmingu á rannsóknnum á milli þessara stofna, svo sem með samræmdum merkingum, erfðafræðilegum rannsóknum eða með samræmingu á rannsóknaraðferðum, gagnasöfnun og úrvinnslu gagna er því af hinu góða og mun það án efa stuðla að sjálfbærri nýtingu þessara stofna. Þetta er sérstaklega mikilvægt núna þar sem miklar og oft á tíðum óvæntar breytingar hafa orðið á vistkerfum norðurhafa að öllum líkindum tengt hlýnun sjávar á síðustu árum.

Virðingarfyllst,



Ingi Rúnar Eðvarðsson, deildarforseti

Viðskipta- og raunvísindadeildar Háskólans á Akureyri.

Alþingi
Erindi nr. P 13S/1374
komudagur 12.2.2008



**LANDSSAMBAND
ÍSLENSKRA
ÚTVEGSMANNA**

Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 591 0300
Fax: 591 0301
www.liu.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík 11. febrúar 2008.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aukna samvinnu vestnorrænu landanna um rannsóknir á helstu nytjastofnum sjávar innan lögsögu þeirra. Þskj. 312 – 278. mál.

Við mælum með því að tillagan verði samþykkt og leggjum áherslu á að kostnaður við að framfylgja henni verði ekki til að draga úr fjárveitingum til annarra hafrannsókna sem eru allt of litlar.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna

Friðrik J. Arngrímsson framkvæmdastjóri



Alþingi
Erindi nr. P 135/1628
komudagur 27.2.2008

27. febrúar 2008

Utanríkismálanefnd Alþingis.

Vísað er til bréfs utanríkismálanefndar, dags. 7. febr. 2008, þar sem óskað er umsagnar sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar um tillögu til þingsályktunar um samvinnu vestnorrænu landanna um rannsóknir á helstu nytjastofnum sjávar innan lögsögu þeirra, 278. mál.

Álitið sendist hér með.

F.h. sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar

Elín Valdís Þorsteinsdóttir
nefndarritari

SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARNEFND

Álit

um tillögu til þingsályktunar um aukna samvinnu milli vestnorrænu landanna um rannsóknir á helstu nytjastofnum sjávar innan lögsögu þeirra.

Frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um þingsályktunartillöguna og fengið á sinn fund Jóhann Sigurjónsson frá Hafrannsóknastofnuninni og Guðrúnu Marteinsdóttur frá stofnun Sæmundar fróða – Háskóla Íslands.

Með tillögnum er skorað á ríkisstjórnina að gera samkomulag við landsstjórnir Færeyja og Grænlands um að koma á reglubundinni samvinnu milli landanna um stofnstærðarrannsóknir á helstu nytjastofnum sjávar innan lögsögu þeirra, frekari samræmingu rannsóknaraðferða og skilvirkari upplýsingagjöf um útbreiðslu fiskstofna og sjávarspendýra. Byggist tillagan á áskorun Vestnorræna ráðsins til landsstjórnna Færeyja og Grænlands og ríkisstjórnar Íslands.

Á fundum nefndarinnar kom fram að þessar þjóðir vinna saman á vettvangi Alþjóðahafrannsóknaráðsins þar sem vísindamenn koma saman á ráðstefnu á hverju ári en einn vettvangur þjóða þessara er norðvesturvinnunefndin. Kom fram að þrátt fyrir þessa samvinnu á sviði vísindanna væri brýnt að styrkja rannsóknir á þessum helstu nytjastofnum enn frekar, ekki eingöngu út frá fiskifræðilegu sjónarmiði heldur einnig pólitísku sjónarmiði. Þannig telur nefndin mikilvægt að landsstjórnirnar og ríkisstjórnin taki sig saman og styrkji það starf sem þegar er unnið og stuðli að því að rannsóknaraðferðir, úrvinnsla gagna og miðlun upplýsinga verði samræmd til þess að fá heildarmynd af raunverulegu ástandi fiskstofna á hafsvæðum þessara landa svo unnt sé að stuðla að sjálfbærum veiðum.

Nefndin leggur til að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

Alþingi, 27. febrúar 2008.

Arnbjörg Sveinsdóttir

Gunnar Svavarsson

Atli Gíslason

Kjartan Ólafsson

Helgi Hjörvar

Sigfús Karlsson

Jón Gunnarsson

Grétar Mar Jónsson